

Nefndasvið Alþingis

Reykjavík, 10. nóvember 2023

Efni: 186. mál. Þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald viðræðna við Evrópusambandið

Evrópuhreyfingin styður málið.

Aðild Íslands að Evrópusambandinu er mál sem þjóðin verður að ráða til lykta.

Samkvæmt könnunum sem Maskína hefur gert fyrir Evrópuhreyfinguna má ráða að verulegur meirihluti Íslendinga er efnislega hlynntur meginefni þeirrar tillögu sem hér er til umsagnar.


Í ágúst, fyrr á þessu ári, var eftirfarandi spurning lögð fyrir:

Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur/t) þjóðaratkvæðigreiðslu um að Ísland taki aftur upp aðildarviðræður við ESB?

Niðurstaðan var afgerandi. Rúm 57% sögðust hlynnt, tæp 19% andvíg og tæp 24% hvorki hlynnt né andvíg. Ef einungis er horft til þeirra sem segjast hlynnt eða andvíg þá eru rúm 74% hlynnt þjóðaratkvæðagreiðslu.

Jafnframt kemur fram að það er meirihluti hlynntur þjóðaratkvæðagreiðslu meðal stuðningsfólks sex af átta stjórnmalaflokkum sem nú sitja á Alþingi. Þar af eru tveir stjórnarflokkar og fjórir úr minnihluta.

Niðurstöðurnar sýna svo ekki verður um villst að stuðningur er ríkur fyrir því að leysa úr málinu með þjóðaratkvæðagreiðslu. Gildir það jafnt um þau sem segja sig hlynnt aðild Íslands og þau sem segjast andvíg.



Jón Steindór Valdimarsson
formaður